


Staðfest aðalskipulag m.s.br., staðfest 22. nóvember 2001 mkv. 1:50.000



Breytt skipulag

	MÖRK SKIPULAGSBREYTINGAR		STOFNVEGIR
	ÞÉTTBÝLI		TENGIVEGIR
	IDNADARSVÆÐI		ADRIR VEGIR
	EFNISTÖKUSVÆÐI		GÖNGU- OG REIDLEIDIR
	SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ		VATNSVERNDARSVÆÐI, Brunnsvæði
	LANDBÚNADARSVÆÐI		VATNSVERNDARSVÆÐI, Grannsvæði
	ÁR OG VÖTN		VATNSVERNDARSVÆÐI, Fjarsvæði
	NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI		HVERFISVERNDARSVÆÐI
	ÞJÓDMINJAVERNÐARSVÆÐI		HÁSPENNULÍNA
			VATNSAFLSTÖÐ -heimarafstöð

LAUGARDALUR Í BLÁSKÓGABYGGÐ

Lækjarhvammur - Heiðará og Þverá (rennslisvirkjun)

Breyting á staðfestu aðalskipulagi (fyrrum) Laugardalshrepps 2000 - 2012

1 Landbúnaðarsvæði og svæði fyrir frístundabyggð breytist í iðnaðarsvæði (rennslisvirkjun)

1. Afmörkun svæðis og staðhættir

Fyrirhugað er að reisa rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá syðst landi Lækjarhvatns í Laugardal í Bláskógabyggð. Virkjanasvæðið mun ná yfir um 2 ha lands sem er að mestu gömul tún, mói og hallar til norðurs og austurs og er í um 100 m.h.y.s. Aðkoma að svæðinu er frá Lækjarhvatnsvegi.

2. Aðalskipulagsbreyting

Núverandi skilgreining á svæðinu í staðfestu aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði og að litlum hluta svæði fyrir frístundabyggð sem ráðgert er að breyta í iðnaðarsvæði (rennslisvirkjun). Fyrirhugað er að reisa allt að 480 KW rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá í landi Lækjarhvatns í Bláskógabyggð.

Framkvæmdirnar felast í byggingu aðveitulagnar, tveggja inntaksstíflna, niðurgrafinnar þrýstipípu á milli inntaksstíflna og frá neðri inntaksstíflu að stöðvarhúsi, stöðvarhúss og frávatnsstokks frá stöðvarhúsi að Grafará, ásamt lagningu vegslóða að stöðvarhúsi og inntaksstíflum.

Gert er ráð fyrir að reistar verði tvær stíflur í sitt hvorri ánni. Um er að ræða hefðbundnar jarðvegsstíflur, þ.e. varnargarður með kjarna og varnarlagi. Stífla í Heiðará verður í 115 m.y.s., 50 m breið og 4 m há. Efnisþörf vegna byggingar hennar verður 1.500 rúmmetrar. Inntakslónið í Heiðará verður um 0,2 ha að umfangi, þar af fer um 0,1 ha út fyrir farveg árinna. Stífla í Þverá verður í 114 m.y.s., 100 m breið og 5 m há. Reiknað er með að um 3.000 rúmmetra af efni þurfi í stífluna. Inntakslónið í Þverá verður um 0,5 ha að umfangi, þar af fer um 0,4 ha út fyrir farveg árinna. Í báðum tilfellum verða sveiflur á vatnsborði lóna óverulegar og svæði sem fer undir inntakslón séu ekki frábrugðin svæðum umhverfis. Lagðar verði tvær niðurgrafnar aðveitulagnir. Önnur verður 180 m löng, um 0,4 m í þvermál og mun liggja frá lindum við fjárhús að stíflu við Heiðará. Hin aðveitulögnin verður 200 m löng, um 1 m í þvermál og mun liggja frá stíflu við Heiðará að stíflu við Þverá. Frá inntaki í stíflu við Þverá mun liggja niðurgrafi þrýstipípa að stöðvarhúsi, sem verður um 950 m löng og um 1 m í þvermál. Grafinn verður um 2 m breiður skurður vegna lagningar þrýstilagna. Lagður verður niðurgraffinn stokkur fyrir útrennsli frá stöðvarhúsi að Grafará, 50 m langur og um 1,2 m í þvermál.

Gert er ráð fyrir að byggt verði stöðvarhús sem verður um 50 fm og um 3 m á hæð og verði með svipuðu útliti og núverandi hús. Orkan verður flutt með jarðstreng frá stöðvarhúsi að línu RARIK, um 1,5 km leið. Ekki er þörf á neinum mannvirkjum við tengingu strengsins við línuna. Að mestu verði notast við núverandi vegi og slóða en þó þurfi að leggja um 30 m veg að stöðvarhúsi, um 300 m langan vegslóða að stíflu í Þverá og um 150 m vegslóða að stíflu í Heiðará.

3. Eldri virkjanir

Eldri virkjanir hafa verið á svæðinu og er lítið inntakslón í Grafará og þaðan liggur þrýstivatnslögn að stöðvarhúsi. Sú virkjun er 100 KW og var byggð árið 1991 og er þriðja virkjunin sem reist sé í ánni. Fyrsta virkjunin var reist árið 1930. Eldri virkjanirnar tvær hafa verið aflagaðar og fjarlægðar.

4. Efnistaka

Reiknað er með að auk 4.500 rúmmetra efnis í stíflur þurfi um 700 rúmmetra í vegi. Efni verður tekið úr grúsarnámu skammt frá útihúsum í landi Lækjarhvatns. Jafnframt verður efni nýtt í stíflu-gerð með því að ýta því upp úr fyrirhuguðu lónsstæði og taka það úr melhrygg. Efni sem til falli við uppgröft vegna þrýstilagna verði lagt niður með pípunni.

5. Frágangur í verklok

Leitast verður við að láta vegslóðana falla sem best að umhverfinu. Stíflur verða byggðar úr blöndu af jarðvegi og grús úr námu og frágangur miði að því að græða upp stíflur að utan svo þær falli að landslagi. Á framkvæmdatíma verður rask í lónstæði og meðfram stíflu. Efsta lagi jarðvegs verður haldið til haga og jafnað aftur yfir svæðið í verklok. Ekki þurfi að skipta um jarðveg og skurði með þrýstipípu. Leitast verður við að láta öll mannvirki falla sem best að umhverfinu þannig að sem minnst sjónmengun hljóti af. Allt jarðrask verði jafnað út og sáð í sár. Borinn verði áburður í svæðið til að flýta því að það jafni sig og aðlagist umhverfi sínu.

Aðalskipulag 2000-2012

Mars 2014, endursk: sept 2014

6. UMHVERFISÁHRIF

Rennslisvirkjun fellur undir mat á umhverfisáhrifum samkvæmt 3. viðauka laga nr. 106/2000 Umhverfisskýrsla:

6.1 Áhrif á landslag, sjónræn áhrif og útivist

Landslag er að hluta tún og landbúnaðarland og að hluta heiðalandslag. Land er gróð og lækkar frá Heiðarbrún að Lækjarhvammi. Landið er hluti af jörðinni Lækjarhvammi. Nokkuð er um útivist á svæðinu en þar eru engar merktar slóðir. Áhrif virkjunarinnar á útivist á svæðinu eru talin óveruleg. Stöðvarhús verður hálfniðurgrafið og verður því um 3 m yfir landslaginu. Það hvíli í smá dæld í landslagi og verða því sjónræn áhrif þess lítil. Allar lagnir séu grafnar í jörðu og inntaksstíflurnar tvær falli inn í landslagið þar sem þær verða staðsettar rétt neðan við Heiðarbrúnina þar sem hæðarmismunur feli þær að mestu. Sjónræn áhrif lagnanna verða því lítil.

6.2 Áhrif á gróður og fuglalíf.

Heiðará og Þverá eru ekki fiskgengar vegna núverandi virkjunar. Áhrif á lífríki Grafarár verður lítil þar sem rennslíð sé nú þegar skert vegna eldri virkjunar. Hins vegar mun skerðingin vegna fyrirhugaðrar virkjunar verða 600 m lengri þar sem stöðvarhús fyrirhugaðrar virkjunar mun standa neðar við ána heldur en núverandi stöðvarhús. Árfarvegur Grafarár verður aldrei þurr þar sem lækir og lindir renna í ána neðan við stíflurnar. Lítil fiskgengd er í ánni vegna hindrunar við þjóðveg og áin er ekki nýtt til fiskveiða á þessum kafla og því hafi skerðingin á rennsli árinna ekki áhrif á veiðihagsmunum.

Framkvæmdarsvæðið er rétt neðan við Heiðarbrún, þar er land gróð og grunnvatn stendur hátt. Ekki er vitað til þess að þar finnst plöntur á válista. Virkjunarsvæðið teljist ekki sérstakt vegna gróðurs. Inntakslón mun ekki hafa áhrif á grunnvatnsstöðu, þar sem þarna falli til mikið vatn (bæði grunnvatn og ofankoma) á öllu svæðinu. Á framkvæmdarsvæði er töluvert um mófugla. Ekki er gert ráð fyrir miklum áhrifum á fugla á virkjunarsvæði þar sem það er lítið umfangs.

6.3 Áhrif á menningarminjar.

Búið er að skrá fornleifar á jörðinni Lækjarhvammi. Vitað sé um fornminjar (Grafarhali rúst) í námunda við framkvæmdarsvæðið og verður þess gætt að raska þeim ekki.

7. Breyting á greinargerð aðalskipulags Laugardalshrepps 2000 -2012

Við kafla 1.9 Athafnasvæði (bls. 77) bætist við liður:

4) Gert er gert ráð rennslisvirkjun á Heiðará og Þverá syðst í landi Lækjarhvatns í Laugardal

8. Umsagnir

Fyrir liggja umsagnir Skipulagsstofnunar, Bláskógabyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnun Íslands), Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

9. Deiliskipulag og tilkynningarskylda

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag. Framkvæmdin er auk þess tilkynningaskyld.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst samkvæmt 31. gr. sömu laga var samþykkt í sveitarstjórn þann 2014

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann..... 2014